

SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR
SÆMUNDUR

Samband íslenskra námsmanna erlendis

- 3 Frá ritstjóra
- 4 Viðtal við Lóu Ingvarsdóttur
- 10 SÍNE mótmælir nýju úthlutunarreglum LÍN
- 12 Fjölmiðlatilkygning SÍNE
- 16 Framfærsla námsmanna erlendis
2013—2017
- 18 Er fækkun námsmanna erlendis hluti af
stefnu íslenskra stjórnvalda í mennta-
málum?
- 22 Út skaltu ekki
- 26 Óvissa um framtíð LÍN
- 28 LÍN og námsmenn erlendis
- 30 Frá formanni SÍNE, Jóhann Gunnar
Þórarinsson skrifar
- 34 Skömmtunarskrifstofa námsmanna-
gjaldeyris
- 40 Vera Vilhjálmsdóttir segir frá meistaranámi
sínu við Háskólann í Árósum
- 44 Verum heima að heiman með réttu hlutina
í kringum okkur
- 48 Ferðasaga frá Rússlandi
- 54 Viðtal við Jessicu Guse sendikennara frá
Þýskalandi við Háskóla Íslands
- 58 Upplýsingar

Vits er þörf þeim er víða ratar.

Hávamál

Þriðja árið í röð er niðurskurður á framfærslu námsmanna erlendis. SÍNE hefur neitað að skrifa undir úthlutunarreglur LÍN í 3 ár og vakið athygli á og mótmælt niðurskurðinum.

Send hefur verið kvörtun til Umboðsmanns Alþingis og færð rök fyrir afhverju niðurskurðurinn hafi skelfilegar afleiðingar í för með sér. Námsmenn hafa verið duglegir að láta í sér heyra og skrifa um stöðu sína. Samt sem áður er niðurskurður staðreynd.

Hvað framtíðin ber í skauti sér er mikil óvissa og í kjölfarið fer þeim íslensku námsmönnum erlendis sem taka námslán hjá LÍN fækkandi. Það vekur upp margar spurningar hver stefnan sé og hvað stjórnvöld hafa í hyggju með framhaldið. Kosningar í haust, nýtt frumvarp um lög LÍN sem verður lagt fram á næstu vikum, allt mun þetta hafa áhrif á þróun mála.


Eitt er víst að, að við Íslendingar höfum notið þess sem þjóð að námsmenn hafa verið duglegir að sækja sér menntun út fyrir landsteinana. Við höldum baráttunni áfram og vonum að íslenskir námsmenn geti notið þess áfram á næstu árum að sækja nám sitt til háskóla víða um heim.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast með SÍNE á [facebook.com/namsmennerlendis](https://www.facebook.com/namsmennerlendis) og twitter: @SineIsland



Viðtal við Lóu Ingvarsdóttur

Viðtal við Lóu Ingvarsdóttur um reynslu hennar af námi í Svíþjóð, Austurríki og Bangladess. >



Ertu að huga að námi erlendis?

FaraBara.is er fyrsti viðkomustaður þeirra sem hafa hug á að stunda nám erlendis. Á vefnum er gríðarlegt magn upplýsinga um þau fjölmörgu námstækifæri sem í boði eru um allan heim, þar á meðal:

- Háskólanám erlendis
- Viðurkenningu náms
- Hvernig sótt er um
- Umsóknarfresti
- Styrki
- Inntökupróf
- Tungumálapróf
- Skólagjöld
- Réttindi námsmanna
- Nám á ensku



FARA BARA

Samband íslenskra námsmanna erlendis

Hafðir þú alltaf stefnt á nám erlendis?

Svona óbeint, ég hafði alltaf séð það sem spennandi kost og mér fannst það heillandi hugmynd að fá tækifæri til fara í nám og á sama tíma kynnast nýju tungu-máli og menningu.

Segðu okkur frá skólanum og náminu þínu í Svíþjóð.

Við bjuggum í Lundi í suður-Svíþjóð eins og svo margir Íslendingar hafa gert og maðurinn minn fór í meistaranám í mann-réttindum við lagadeild Lundarháskóla. Fyrstu tvö árin var ég í jóga-kennaranámi með stórkostlegum alþjóð-legum kennurum. Námið var að hluta til kennt í fjarnámi en einu sinni í mánuði hittumst við og dvöldum langa helgi eða eina viku í litlum sveitabæ nálægt

Varberg, sem er um þriggja klukkustunda ferðalag frá Lundi. Þetta nám gaf mér mjög mikið. Kundalini jóga er svo frábær

tækni sem hjálpar manni að vera í góðu jafnvægi og vera trúr manni sjálfum, en námið krafðist þess að maður fór í mjög djúpa sjálfskoðun sem er svo hollt, gott og nauðsynlegt oft á tíðum.

Eftir að ég kláraði jóganámið fór ég að kenna í Lundi og fór síðan í meistaranám í alþjóðlegri þróunarfræði og stjórnun við Lundarháskóla. Þetta var þverfaglegt nám um þróunarsamvinnu með mjög ríka áherslu á verkefna-stjórnun og innleiðingaferla og árangursmælingar innan þróunar-geirans. Þetta var gríðarlega áhugavert og skemmtilegt nám, en ég tók eina önn í Bangladess þar sem ég vann með hjálpar-samtökum við grein-ingar og annað slíkt.

Hvað kom til að þú ákvaðst að fara í

skiptinám og hvert fórstu?

Hluti af náminu var að fara í starfsnám til þróunarlands og ég heyrði af mjög áhugaverðu

Þetta var án efa ein sú besta ákvörðun sem ég og maðurinn minn höfum tekið. Það getur reynt á og ýtir manni vel út fyrir þæginda-rammann en er svo ótrúlega þroskandi og skemmtilegt.

SÆMUNDUR



hitti þar kvennahópa sem tóku þátt í verkefninu. Það var mjög gefandi að sjá hvað margar ungar stúlkur voru sterkar. Þær höfðu alla burði til að ná langt og fanga kraftinn innra

verkefni í Bangladessem sem var styrkt af sænskum hjálpar-samtökum. Þetta var verkefni sem snéri að því reyna að efla vitund og vitneskju kvenna í afskekktum þorpum í sveitum landsins um rétt kvenna með það að markmiði að auka þátttöku þeirra í samfélaginu. Mér þótti þetta einstaklega spennandi og verðugt verkefni og sótti því um. Banglades glímir við mörg afskaplega stór vandamál með gríðarlegan fólksfjölda enda eitt af þéttbýlustu löndum heims. Þar er mikil fátækt og er landið hvað viðkvæmast fyrir hlýnun jarðar og hækkun yfirborðs sjávar og á sér stað mikil eyðilegging á hverju ári sökum mikilla flóða. Á þessum slóðum, sérstaklega í sveitunum, er litið á konur sem eign manns síns. Ég fór á milli sveita, í Netrakona sem er í norðurhluta landsins og

með sér og nýta hann til að berjast fyrir jöfnum rétti kynsystra sinna og sýndu þor og hugrekki til að reyna að brjótast út úr þessu ævagamla og sorglega menningarmynstri. Þrátt fyrir að það sé ólöglegt samkvæmt þarlendum lögum að gifta ungar stúlkur (yngri en 18 ára) þá er samt ennþá í afskekktum sveitum verið að gifta kornungar stúlkur fullorðnum mönnum. Fólkið þekkir ekki lögin og trúir enn staðfast að með því að gifta ungar dætur sínar séu foreldrarnir að bjarga heiðri fjölskyldunnar og bjarga barninu úr enn verri fátækt.

Það var frábært að heyra af ungum þátttakenda í verkefninu. Fasima var 18 ára ótrúlega öflug og flott stelpa sem hreinlega gleypti í sig alla þá vitneskju og fræðslu sem hún mögulega gat komist yfir. Hún frétti af því að

Viðtal við Lóu Ingvarsdóttur

Samband íslenskra námsmanna erlendis

Viðtal við Lóu Ingvarsdóttur



Það ætti að fara að gifta 12 ára stelpu í þorpinu. Fasima gerði allt hvað hún gat til að koma í veg fyrir giftinguna. Því var ekki vel tekið og fékk hún margar hótanir en hún gafst ekki upp og hélt áfram að upplýsa foreldrana um í hvaða hræðilegu ánaud þau væru að leggja barn sitt. Að lokum eftir mikið streð tókst henni ætlunarverk sitt og mögulega bjargaði lífi þessarar 12 ára stúlku, en foreldranir ákváðu loks að hætta við brúðkaupið og fær því þessi 12 ára stúlka að halda áfram að ganga í skóla og að vera áfram barnið sem hún er.

Hvað fannst þér lærdómsríkast við það að fara í nám erlendis?

Það er í raun allt ferlið í heild sinni. Það að vera ókunnugur í nýju landi og þurfa algjörlega að treysta á sjálfan sig og maka sinn eftir atvikum.

Ef einhver sem þetta les er að hugsa um að fara í nám erlendis, lumar þú á góðum ráðum handa viðkomandi?

Það er dýrt að fara í nám erlendis þó svo að það sé e.t.v. tölvvert ódýrara að fara í framhaldsnám í Svíþjóð en í mörgum öðrum löndum. Ég myndi mæla með því að skipuleggja sig og undirbúa sig vel nógu tímanlega. Það þarf að huga að svo mörgum þáttum. Frábært að geta unnið hér heima eitthvað áður til að safna peningum. Síðan lærir maður á svona ferðalagi að maður þarf mun minna en maður heldur, verður nægjusamari og lærir að meta hlutina á annan hátt enda eru það góðu minningarnar og samveran sem færir manni hamingju og gleði.



Eitt gott sparnaðaráð fyrir námsmenn erlendis?

Þegar ég og maðurinn minn fórum í skiptinám 2001 til Vínarborgar í eitt ár, það var áður en

SÆMUNDUR



við eignuðmst börn, þá upplifðum við meira að eiga engan pening. Það var dýrt að kynda íbúðina og þess vegna vorum við með hitann alveg í lágmarki og vorum bara í staðinn alltaf í úlpum inni og sváfum í ullarsokkum. Það er ágætis sparnaðráð. Síðan deildum við upphæðinni sem við höfðum á hverjum mánuði niður á daga til að vita hvað við gátum eytt miklum pening í mat. Við keyptum oft pakkapasta sem var mjög ódýrt en það var reyndar ekki gott til lengdar enda mjög næringasnautt og enginn heilmatur. En okkur fannst mikilvægt að nota tækifærið og reyna að ferðast til landanna sem liggja að Austurríki enda stekkur maður ekki eins auðveldlega frá Íslandi. Við komumst að því að það var oft hægt að fá mjög ódýra miða með næturlestunum, við nýttum okkur það nokkuð. Keyptum ódýrustu miða sem við fundum og vorum svo komin undir morgun ósofin í nýtt land. Þetta voru mjög skemmtileg

ferðalög og frábærar minningar sem við eigum frá þessum tíma.

Mælir þú með því að fólk fari í nám erlendis?

Já, hiklaust. Þetta var án efa ein sú besta ákvörðun sem ég og maðurinn minn höfum tekið. Það getur reynt á og ýtir manni vel út fyrir þægindarrammann en er svo ótrúlega þroskandi og skemmtilegt. Svíþjóð var allt öðruvísi upplifun en Austurríki. Í Austurríki vorum við barnlaus og fórum bara með tvær töskur í leit að ævintýri en þegar við fórum til Svíþjóðar þá höfðum við bæði verið að vinna hér heima áður í nokkur ár og áttum fjögurra ára son. Það var því mjög mikilvægt í því tilfelli að búa til heimili, öryggi og festu. Við vildum því búa á stað sem væri nokkuð fjölskylduvænn, þar sem stutt væri í leikskóla. Það var frábært að vera barnafjölskylda í Svíþjóð því þar er velferðarkerfið mjög gott. Dóttir okkar fæddist svo í Svíþjóð og það var líka mjög góð upplifun að eignast barn í Svíþjóð. ☺

SÍNE mótmælir úthlutunarreglum

mælir nýjum glum hjá LÍN

SÍNE mótmaelir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

Fjölmíðla- tilkynning SÍNE

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) harmar þá ákvörðun menntamálaráðherra að skrifa undir nýjar úthlutunarreglur fyrir námsárið 2016–2017. Fulltrúi SÍNE í stjórn LÍN neitaði að skrifa undir umræddar úthlutunarreglur þriðja árið í röð en með þeim er verið að halda áfram þeim niðurskurði sem boðaður var þegar úthlutunarreglur fyrir námsárið 2015–2016 voru samþykktar. Þá var Illugi Gunnars-son, menntamálaráðherra, hvattur til að skrifa ekki undir umræddar úthlutunarreglur með bréfi þann 13. febrúar 2015. Þess ber að geta að vegna þeirrar ákvörðunar ráðherra ákvað stjórn SÍNE að kvarta um ákvörðun hans til Umboðsmanns Alþingis en það mál er enn til meðferðar.

Stjórn SÍNE vísar að megin efni til sömu röksemda og í fyrra. Hún telur skerðingu á framfærsluláni LÍN til námsmanna erlendis, þriðja árið í röð, með öllu óásættanlega. Með úthlutunarreglum námsársins 2014–2015 lækkaði framfærslulán lánasjóðsins til námsmanna

flatt um 10 prósent á mikinn fjölda námsmanna erlendis. Í fyrra var það sama upp á teningnum og fengu násmenn erlendis margir hverjir annað árið í röð 10 prósent skerðingu á framfærsluláni sínu. Með nýjum úthlutunarreglum er verið að skerða framfærslulánin enn frekar og stefna hagsmunum og lífsviðurværi námsmanna erlendis í tvisýnu.

Stjórn SÍNE hefur ítrekað bent á það við LÍN sem og aðra að í slíkum ákvörðunum þurfi að stíga varlega til jarðar þar sem násmenn verða fyrir verulegum forsendubresti í miðju námi. Vert er að endurtaka það sem stjórn SÍNE nefndi um slíkar skerðingar í bréfi til ráðherra á síðasta ári sem á enn vel við:

**[SÍNE] telur
skerðingu
framfærslu-
láni LÍN til
námsmanna
erlendis,
þriðja árið
í röð,
með öllu
óásættanlega.**

„Þegar námsmaður skoðar úthlutunarreglurnar og metur stöðuna að fara í grunnnám í háskóla erlendis kemur í ljós að

Samband íslenskra námsmanna erlendis

Þessi lán sem standa til boða af hálfu lánasjóðsins, framfærslu- og skólagjaldalán, eiga að duga samanlagt út námsferilinn. Þessi ágæti námsmaður er nú mættur í nám erlendis og klárar fyrsta árið með sóma. Skyndilega fær þessi sami námsmaður veður að því að LÍN hafi ákveðið að skerða lánamöguleika hans fyrir næstu tvö árin sem eftir eru af námi hans. Hér er ekki um annað að ræða en hreinan forsendubrest fyrir viðkomandi námsmann. Þeirri spurningu er þá ósvarað, af hverju ættu námsmenn að taka þá áhættu að sækja sér menntun erlendis ef það veit af því að löppunum getur verið kippt undan þeim í miðju námi?“

Það sem styður þá fullyrðingu SÍNE að námsmenn muni í auknum mæli hætta við að fara í nám erlendis eru tölur úr fjárlögum en þar hefur verið viðvarandi skerðing á námsmönnum erlendis hjá LÍN síðustu árin. Sú skerðing heldur áfram og stefnir í undir 1000 námsmenn erlendis sem treysta á framfærslu frá LÍN.

Þá hefur ekkert verið gert til að koma til móts þá staðreynd, sem fáir mótmæla, að skólagjaldalán duga mörgum námsmanninum ekki. Ætlunin var að koma til móts við það þetta árið en það hefur ekki verið gert með nýjum úthlutunarreglum sem vekur vægast sagt furðu.

Það hefur margsýnt sig að sú menntun sem námsmenn hafa öðlast erlendis hefur skapað þjóð okkar gífurlegan efnahagslegan ávinning með því að fyrirtæki fái starfsmenn með nýja sýn og aukna færni sem og þekkingu.

Að lokum á vel við að minna enn og aftur á orð Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra sem hann lét falla í myndbroti sem framleitt var fyrir Rannís á síðasta ári:

„Fyrir alla þá sem eru í þeim sporum að taka

SÆMUNDUR

slíka ákvörðun (að fara í nám erlendis), þá mæli ég eindregið með því að fara út, búa erlendis, læra erlendis, það hjálpar manni á svo margan hátt og eitt af því sem það gefur manni að þegar maður kemur heim, og auðvitað vil ég að sem flestir komi heim aftur eftir námið er það að maður fær svolítið öðruvísi sýn á samfélagið sitt maður sér betur bæði kostina og gallana og það er þess vegna að það er svo nauðsynlegt fyrir okkar samfélag sem er jú fámennt og svolítið úr alfara leið að sem flest okkar ef við eigum tækifæri til nýti sér slík tækifæri sem felast í því að fara í nám erlendis.“

Stjórn SÍNE gagnrýnir harðlega ákvörðun ráðherra að staðfesta

úthlutunarreglurnar fyrir skólaárið 2016-2017 og veltir þeirra spurningu fram hvort það sé skoðun ráðherra að einungis þeir efnameiri eigi nú rétt til náms erlendis og farið sé gegn 1. gr. laga um LÍN þar sem allir skulu eiga jafnan rétt til náms. ☺

F.h. stjórnar SÍNE,
Jóhann Gunnar Þórarinsson
formaður

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

Fjölmíðatilkynning SÍNE

Framfærsla náms- manna erlendis 2013—2017

Framfærsla námsmanna erlendis 2013 — 2017

NÁMSLAND	MYNT	GRUNNFRAMFÆRSLA				NIÐUR- SKURÐUR	
		← 2013	2014	2015	→ 2016	FRÁ 2013	NIÐUR- SKURÐUR (%)
		—2014	—2015	—2016	—2017	—2014	
Argentína	USD	1.224	Non	Non	Non	Non	Non
Austurríki	EUR	1.844	1.660	1.150	1218	626	33,95%
Ástralía	AUD	2.120	2.067	2.022	2049	71	3,35%
Bandaríkin A	USD	2.259	2.033	2.256	2244	15	0,66%
Bandaríkin B	USD	2.000	1.800	1.762	1560	440	22,00%
Belgía	EUR	1.286	1.157	1.157	1165	121	9,41%
Bosnía	EUR	1.189	1.136	1.066	838	351	29,52%
Brasilía	USD	1.457	1.311	1.070	949	508	34,87%
Búlgaría	EUR	1.256	Non	Non	384	872	69,43%
Chile	USD	1.158	1.076	1.520	1340	182	-15,72%
Danmörk	DKK	10.199	9.179	8.673	6837	3.362	32,96%
<i>Dan. Árhús</i>	DKK	10.199	9.179	8.722	6886	3.313	32,48%
<i>Dan. Kaupmh.</i>	DKK	10.199	9.179	9.710	9698	501	4,91%
<i>Dan. Óðinsvé</i>	DKK	10.199	9.179	8.701	6865	3.334	32,69%
Egyptaland	EUR	1.169	Non	Non	Non	Non	Non
Eistland	EUR	1.261	1.135	1.054	827	434	34,42%
Ekvador	USD	1.343	1.209	1.128	1079	264	19,66%
England	GBP	1.247	1.122	1.103	1099	148	11,87%
<i>Eng. London</i>	GBP	1.386	1.247	1.287	1282	104	7,50%
Filippseyjar	USD	Non	1.129	1.069	824	Non	Non
Finnland	EUR	1.228	1.105	1.049	910	318	25,90%
Frakkland	EUR	1.308	1.239	1.168	920	388	29,66%
Frakk. París	EUR	1.438	1.362	1.315	1314	124	8,62%
Grikkland	EUR	1.495	1.346	1.262	993	502	33,58%
Holland	EUR	1.344	1.210	1.157	1059	285	21,21%
<i>Holland. Amst.</i>	EUR	1.344	1.210	1.165	1111	233	17,34%
Hong Kong	USD	1.542	Non	Non	Non	Non	Non
Indland	USD	1.290	Non	Non	Non	Non	Non
Íran	USD	Non	1.169	1.103	872	Non	Non
Írska Lýðveldið	EUR	1.480	1.332	1.462	1473	7	0,47%
Ísrael	EUR	1.186	1.095	1.181	1244	58	-4,89%
Ítalía	EUR	1.566	1.409	1.319	1038	528	33,72%

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

SÆMUNDUR

NÁMSLAND	MYNT	GRUNNFRAMFÆRSLA				NIÐUR-SKURÐUR	
		← 2013 —2014	2014 —2015	2015 —2016	→ 2016 —2017	FRÁ 2013 —2014	NIÐUR- SKURÐUR (%)
Ítal. Milánó	EUR	1.566	1.409	1.358	1359	207	13,22%
Ítal. Róm	EUR	1.566	1.409	1.671	1670	104	-6,64%
Japan	JPY	217.262	200.352	194.417	154335	62.927	28,96%
Jap. Tokyo	JPY	217.262	200.352	193.324	161277	55.985	25,77%
Kanada	CAD	1.875	1.776	Non	Non	Non	Non
Kanada A	CAD	1.875	1.776	1.683	1674	201	10,72%
Kanada B	CAD	1.875	1.776	1.666	1312	563	30,03%
Kína	USD	1.542	1.388	1.285	1033	509	33,01%
Kosta Ríka	USD	1.316	Non	Non	Non	Non	Non
Kósóvó	EUR	Non	1.044	1.082	1047	Non	Non
Króatía	EUR	1.189	1.070	1.016	803	386	32,46%
Kúba	USD	1.741	Non	Non	Non	Non	Non
Kýpur	EUR	1.085	1.085	1.030	847	238	21,94%
Lettland	EUR	1.226	1.103	979	979	247	20,15%
Litháen	EUR	1.226	1.103	1.037	816	410	33,44%
Lúxemborg	EUR	1.318	1.318	1.239	1083	235	17,83%
Malasía	USD	1.603	1.443	1.233	1057	546	34,06%
Malta	EUR	1.336	1.202	1.153	946	390	29,19%
Mexikó	USD	2.013	1.812	1.494	1318	695	34,53%
Mónakó	EUR	Non	1.239	1.472	1471	Non	Non
Norður-Írland	GBP	1.247	1.122	1.229	1238	9	0,72%
Noregur	NOK	10.380	9.342	10.592	10829	449	-4,33%
Nýja-Sjáland	AUD	2.081	1.873	1.775	1446	635	30,51%
Perú	USD	1.378	1.378	1.249	1206	172	12,48%
Portúgal	EUR	1.027	924	858	673	354	34,47%
Rúmenía	EUR	1.280	Non	Non	Non	Non	Non
Rússland	EUR	1.332	1.199	1.326	879	453	34,01%
Sam. Arabísku fur.	USD	1.494	1.494	2.348	2447	953	-63,79%
Serbía	EUR	Non	1.070	954	805	Non	Non
Singapúr	USD	Non	1.593	1.445	1204	Non	Non
Skotland	GBP	1.247	1.122	1.057	919	328	26,30%
Slóvakía	EUR	1.189	1.070	984	770	419	35,24%
Slóvenía	EUR	1.189	1.070	988	774	415	34,90%
Spánn	EUR	1.365	1.229	1.163	963	402	29,45%
Suður-Afrika	EUR	1.121	Non	Non	Non	Non	Non
Suður-Kórea	USD	1.944	1.800	1.651	1340	604	31,07%
Sviss	CHF	2.950	2.655	2.519	1986	964	32,68%
Svíþjóð	SEK	11.088	9.979	9.581	8836	2.252	20,31%
Tékkland	EUR	1.250	1.125	1.057	845	405	32,40%
Tyrkland	EUR	1.277	1.149	1.161	835	442	34,61%
Tæland	EUR	1.027	924	1.194	1131	104	-10,13%
Ungverjaland	EUR	1.522	1.370	1.380	1147	375	24,64%
Wales	GBP	1.247	1.122	1.049	824	423	33,92%
Pýskaland	EUR	1.300	1.170	1.094	860	440	33,85%
Pýsk. Munchen	EUR	1.428	1.285	1.212	955	473	33,12%

Framfærsla námsmanna erlendis 2013 — 2017

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN



Er fækkun námsmanna erlendis hluti af stefnu íslenskra stjórnsvalda í menntamálum?

Dagur Skírnir Óðinsson og Þórður Jóhannsson

SÆMUNDUR

Námsmönnum erlendis sem taka námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) fer fækkandi ár hvert. Hver skyldi vera skýringin á því?

Við sem störfum að mál-efnum námsmanna erlendis höfum áhyggjur af því að niðurskurður á framfærslu námsmanna sem hefur verið framkvæmdur tvö ár í röð geti haft mikið um það að segja. Ekki nóg með að framfærslan hafi verið lækkuð heldur hafa ferðalán, sem stóðu námsmönnum til boða, verið skörin niður að stórum hluta. Vegna þessa niðurskurðar, sem enn er ekki séð fyrir endann á, hefur þeim fækkað sem líta á LÍN sem valkost við fjármögnun á námi sínu erlendis. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um framtíðina eru námsmenn því margir hverjir hikandi við að taka ákvörðun um að fara út.

Á tyllidögum tala stjórn-málamenn um mikilvægi þess að íslenskir námsmenn sækji sér menntun utan landsteinana en

því miður virðast athafnir ekki fylgja orðum. Nú er kominn tími til að ráðamenn þjóðarinnar sýni að þeir eru að meina það sem þeir segja og að niðurskurði á framfærslu námsmanna erlendis verði hætt og þeim frekar sýndur

stuðningur. Þessi mannauður er og verður dýrmætur fyrir land og þjóð um ókomna framtíð. Ef við hlúum vel að námsmönnum erlendis mun það skila sér margfalt til baka í verðmætasköpun sem og ríkara og fjölbreyttara samfélagi.

Í fjölmiðlum var nýlega vakin athygli á því að íslenskir námsmenn sækja í ríkara mæli í erlenda námsstyrki m.a. SU í Danmörku. Opnast hefur gluggi sem auðveldar þeim að fá aðgang að styrkjunum sem áður fyrr var háður strangari skilyrðum. Það er

auðvitað jákvætt að námsmenn hafi fleiri möguleika til að fjármagna nám sitt. Það er þó hættulegt að treysta á SU styrkinn. Ekki er hægt að reikna með honum í framtíðinni því

Nú er kominn tími til að ráðamenn þjóðarinnar sýni að þeir eru að meina það sem þeir segja og að niðurskurði á framfærslu námsmanna erlendis verði hætt

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

Er fækkun námsmanna erlendis hluti af stefnu íslenskra stjórnvalda í menntamálum?

**Hver er
stefna
mennta og
menningar-
málaráðherra
í málefnum
námsmanna
erlendis?**

SÆMUNDUR

hann er háður ákvörðunum danskra stjórnvalda.

Nýverið hóf forsetafrú Bandaríkjanna herferð þar sem hún hvetur bandaríska námsmenn að skoða í meira mæli þann kost að sækja nám sitt utan landsteinana. Hún bendir á að því fylgja augljósir kostir. Það eykur viðsýni, menningarlæsi, tungumálakunnáttu, sjálfsbjargarviðleitni, sjálfstæði, frumkvæði og svo lengi mætti telja. Í Danmörku er það sama sagan. Ráðherra menntamála lýsti yfir að stefna stjórnvalda, fram til ársins 2020, væri að 50% þeirra sem sæki sér framhaldsnám myndu taka hluta þess erlendis. Slíkt gerist að sjálfsögðu ekki af sjálfu sér, heldur með nákvæmri stefnumörkun yfirvalda og eftirfylgni í formi stuðnings við eigin stefnu. Ef þau lönd, bæði í vestri og austri, sjá greinilegt mikilvægi þess að vinnuafli framtíðarinnar sæki sér þekkingu og lærdóm utan landsteinana hlýtur að vera eitthvað til í því.

Stjórn SÍNE óskar eftir því að mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, lýsi yfir hver sé stefna stjórnvalda í málefnum námsmanna erlendis. Er ætlunin að fækka þeim um helming? Er æskilegt

að flestir námsmenn stundi framhaldsmenntun sína hér á landi? Ef svo er, þá má ekki gleyma að því að stóraukin útgjöld íslenskra háskóla (þ.a.l. stjórnvalda) eru fylgifiskur þess að beina öllum í nám hérlendis. Það er nefnilega ákveðinn sparnaður fólgin í því að beina íslenskum námsmönnum erlendis í nám. Því miður virðist ekki vera hægt að koma auga á stefnu stjórnvalda í menntamálum og því ítrekar stjórn SÍNE: Hver er stefna mennta og menningarmálaráðherra í málefnum námsmanna erlendis? ☺

Er fækkun námsmanna erlendis hluti af stefnu íslenskra stjórnvalda í menntamálum?

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

Út skaltu ekki

Dagur Skírnir Óðinsson & Þórður Jóhannsson

SÆMUNDUR

Fyrir tæpu hálfu ári skrifuðum við grein Er fækkun námsmanna erlendis hluti af stefnu íslenskra stjórnvalda? Þar sem að við veltum því upp hvort það væri stefna íslenskra stjórnvalda að fækka námsmönnum erlendis.

Viðbrögðin stóðu á sér, engin svör bárust og þögnin var ærandi þangað til að tilkynnt var um nýjar úthlutunarreglur Lána-sjóðs íslenskra námsmanna, LÍN, fyrir námsárið 2016-2017. Þar með var svarið komið, skerðing framfærslulána um allt að 20%.

Með öðrum orðum þá á markvisst að fækka námsmönnum erlendis. Það á ekki einu sinni að gefa nú—verandi námsmönnum erlendis tækifæri á að klára nám sitt áður en til hnífsins kemur. Nemandi í London sem var í sambandi við SÍNE sér fram á að þurfa að hætta í námi til þess að koma heim og vinna fyrir þeim

peningum sem hún hefur fengið lánaða nú þegar. (Ferðalánin voru skorin niður fyrir tveimur árum) Annar nemi í London sér fram á að þurfa taka lán á mikið hærri vöxtum hjá nýja einkarekna lánasjóðnum Framtíðin, eigi hann að geta klárað að gráðuna sína. Læknanemi í Slóvakíu sér fram á að þurfa að

nota skert framfærslulán upp í skólagjöldin, þar sem þak er á því hversu mikið LÍN lánar fyrir skólagjöldum. Um er að ræða einungis þrjú dæmi úr fjölmörgum raunarsögum námsmanna erlendis sem hafa borist okkur síðustu vikur og mánuði. Þessi skerðing er ekkert annað en verulegur forsendubrestur fyrir námsmenn erlendis. Nýjar úthlutunarreglur

eru í andstöðu við hugmyndir um jafnrétti til náms því í grunninn draga þær úr möguleikum þeirra efnaminni til að sækja sér menntun erlendis.

Nýjar úthlutunarreglur eru í andstöðu við hugmyndir um jafnrétti til náms því í grunninn draga þær úr möguleikum þeirra efnaminni til að sækja sér menntun erlendis.

Út skaltu ekki

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

**Það virðist
vera stefna
stjórnvalda að
halda náms-
mönnum
á þeim
þekkingar-
spena sem það
sjálft útvegar.**

SÆMUNDUR

Það má að vissu leyti nota hugtakið Catch-22, fengið úr samnefndri bók eftir Josph Heller, til þess að lýsa veruleikanum sem blasir við ungu fólki, og þá sér í lagi námsmönnum, í íslensku samfélagi í dag. Á lélegri íslensku lýsir hugtakið aðstæðum sem einstaklingur getur ekki flúið vegna þversagnakenndra reglna. Í dæmaskyni mætti nefna eftirfarandi: Þú færð ekki vinnu því þú hefur ekki reynslu og þú færð ekki reynslu nema að þú hafir vinnu. Annað flóknari dæmi væri: Á meðan önnur hver frétt lýsir góðri afkomu bankanna og/eða ofsagróða sjávarútvegsfélaganna og Panama-skjölin fletta ofan af hverjum siðferðislega vafasama einstaklingi á fætur öðrum sem geymir fúlgur fjár í stafrænum hvelfingum á Tortóla þurfa íslenskir námsmenn erlendis (og reyndar bara námsmenn almennt, ekki má gleyma heilbrigðiskerfinu og öryrkjum og fátækum og ... nei nú erum við komin lagt út fyrir efnið. En samt ekki, því við búum í samfélagi og þetta helst allt saman í hendur) að sætta sig við alvarlegar skerðingar á námslánum sínum.

Það virðist vera stefna stjórnvalda að halda námsmönnum á þeim þekkingarspena

sem það sjálft útvegar. Þekking erlendis frá er greinilega fallin í verði, búin að missa gildi sitt að mati stjórnvalda. Það má þó þakka þeim fyrir að vera loksins búin að koma hreint fram varðandi stefnu sína í málefnum námsmanna erlendis og menntamálum almennt. ☺



Óvissa um framtíð LÍN

Óvissa um framtíð LÍN

Sigrún Dögg Kvaran

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

Flestir gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem felast í menntun og mikilvægi þess að fólk hafi jafnan aðgang að námi. Menntun er fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka í samfélaginu. Á Íslandi býr fólk við jöfn tækifæri til náms, greiðan aðgang að námi eða eins og segir inn á heimasíðu LÍN: „Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lögin um sjóðinn tækifæri til náms án tillits til efnahags“. Hins vegar eru blikur á lofti, fréttir berast af því að ný ríkisstjórn sé búin að leggja fram Málaskrá og á henni eru ný heildarlög um Lánasjóð íslenskra námsmanna, LÍN.

Í ársskýrslum LÍN undanfarin ár hafa áhyggjur verið viðráðar að hár meðalaldur námsmanna við námslok dragi úr fullum endurheimtum og ýti undir afskriftir sjóðsins. Þetta gefur sterklega til kynna að stjórnvöld vilji leggja áherslu á ungt fólk sem klári nám snemma eða á „réttum tíma“. Vilji sé frekar til að einblína á fólk sem komist fyrir út á vinnumarkaðinn, byrji fyrir að borga af sínum námslánum og eru því líklegri til að greiða þau til baka að fullu. Sem sagt betri endurheimtur. Það virðist ekki vera pláss í bókhaldinu fyrir fólk með starfsreynslu sem ákveður að skella sér á skólabekk til að bæta við sig

þekkingu og miðla sinni reynslu í leiðinni.

Með því að einblína einungis á góðar endurheimtur er hættu á að útiloka ákveðna hópa frá jöfnu aðgengi að námi. Undanfarið hafa námsmenn verið að koma fram og tjá sig bæði á samskiptamiðlum og í fjölmiðlum, um bág kjör, vítahring skuldasoðunar og sálrænum áhrifum þess. Nýjasta reiðarslagið er enn frekari niðurskurður á framfærslu námsmanna erlendis, 20% niðurskurður. Einnig er dregið verulega úr hámarkseiningafjölda sem hægt verður að fá lán fyrir, verða 480 ECTS í stað 540 ECTS. Viljum við sem samfélag draga úr möguleikum fólks á að sækja sér frekari menntun bæði hérlendis og erlendis?

Þetta er algjörlega óásættanleg staða, að stjórnvöld þegi um stefnu sína í málefnum námsmanna erlendis eins og þetta sé þeirra einkamál. Stefna þeirra snertir framtíð hundruða námsmanna sem hafa þegar flust út og hafið sitt nám út frá ákveðnum forsendum, forsendur sem taka stöðugum breytingum og sem jafnvel ógna möguleika þeirra til að ljúka sínu námi.

Svo segir mér hugur að ný heildarlög um LÍN séu ekki til að gera enn betur við íslenska námsmenn og stuðla að jafnrétti til náms – þvert á móti! ☹

LÍN og námsmenn erlendis

Sigrún Dögg Kvaran

Kostir þess að fara í nám erlendis eru margvíslegir, ekki bara fyrir einstaklinginn heldur líka fyrir samfélagið. Það er samfélaginu mikilvægt að námsmenn fari erlendis í nám og kynnist nýrri menningu, nái sér í aukna reynslu og fái nýja innsýn. Flestir geta verið sammála um að þetta er þroskandi reynsla sem eykur fjölbreytileika samfélagsins og er afar mikilvægt atvinnulífinu. Það væri fátæklegt samfélag þar sem fáir færu í nám erlendis, eða eingöngu mögulegt fyrir örfáa útvalda sem hefðu sterkt efnahagslegt bakland.

LÍN er lykilstofnun hvað varðar jafnan aðgang og möguleika einstaklinga til náms. Að fara í nám erlendis getur verið kostnaðarsamt, oft eru skólagjöld sem þarf að standa skil á og svo þarf að framfleyta sér í nýju og framandi landi. Því treysta íslenskir námsmenn á LÍN, bæði til að fá lánað fyrir skólagjöldum og framfærslu erlendis. Hins vegar eru blikur á lofti, samhliða harkalegum niðurskurði á framfærslu- og skólagjaldalánum LÍN, hefur dregið úr fjölda námsmanna sem kjósa að fara í nám erlendis. Samkvæmt ársskýrslu LÍN 2014 hefur lánþegum í námi erlendis fækkað um 14% á 5 ára tímabili. Hér er sterk fylgni á milli harkalegs niðurskurðar

framfærslulána og fjölda námsmanna sem fara í nám erlendis.

Eitt af sérkennum íslenskra námsmanna er fjölskyldusamsetningin en oft eru þeir með börn á framfæri. Þessi hópur námsmanna, fjölskyldufólk, treystir á námslánin til að framfleyta sér á meðan á námi stendur. Samkvæmt ársskýrslu LÍN 2014 voru 17% lánþega erlendis pör með eitt eða fleiri börn á framfæri og 5% einstæðir foreldrar. Án þess að alhæfa er líklegt að fjölskyldufólk sé ekki jafn viljugt og barnlausir að taka fjárhagslegar áhættur. Raunveruleikinn er sá að nú til dags er það fjárhagsleg áhætta að flytja erlendis í nám með börn á framfæri, þar sem óvissan vofir yfir um hve mikill næsti niðurskurður hjá LÍN verði.

Hver er stefna stjórnvalda í málefnum námsmanna erlendis? ☺



Frá formanni SÍNE, Jóhann Gunnar Þórarinnsson skrifar

**Frá formanni
SÍNE,
Jóhann
Gunnar
Þórarinnsson
skrifar**

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN

Íslendingar geta flestir verið sammála um gildi þess að einstaklingur sækir sér aukna þekkingu og færni með ásókn í nám erlendis og þann ávinning sem af því hlýst fyrir íslenskt samfélag í heild sinni.

Á síðustu árum hefur átt sér stað gífurlegur niðurskurður á framfærslulánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna til námsmanna erlendis. Niðurskurðurinn mun ná allt að 35% í fjölmörgum löndum erlendis með þeim úthlutunarreglum sem samþykktar voru af ráðherra fyrir skólaárið 2015-2016. Það þarf ekki að sæta undrun að á sama tíma hefur dregið töluvert úr ásókn í nám erlendis ef tekið er mið af

þeim tölum sem hafa komið fram í fjárlögum síðastliðin ár um hve margir námsmenn erlendis sækja um námslán frá LÍN.

Þessi niðurskurður hefur í raun verið slíkur að fjármála-

fyrirtæki á einkamarkaði hefur séð ástæðu til að stofna lánasjóð sérstaklega með það fyrir augum að veita lán til námsmanna.

Verður að telja harla ólíklegt að rúm væri fyrir slíkt fyrirtæki á markaði ef framfærsla frá LÍN

myndi almennt duga námsmönnum erlendis.

Samkvæmt núgildandi stefnu mennta- og menningarmálaráðherra í málefnum námsmanna má ráða að stjórnvöld sjái ekki hag í því að nemendur sækja sér viðbótarmenntun erlendis. Það er í raun illskiljanleg niðurstaða líkt og áður segir. Þannig hafa námsmenn öðlast aukna þekkingu og frekari færni sem hefur nýst á fjölmörgum sviðum samfélagsins og orðið undir-

staða gífurlegra framfara hér á landi

Þá ýtir þessi stefna stjórnvalda undir það að námsmenn búa ekki við sömu tækifæri til náms erlendis og það leiði til þess að einungis þeir efnameiri

Þá ýtir þessi stefna stjórnvalda undir það að námsmenn búa ekki við sömu tækifæri til náms erlendis og það leiði til þess að einungis þeir efnameiri geti sótt sér slíka þekkingu.

**Þar sem þessi
stefna stjórnvalda í
menntamálum hefur leitt
til umtalsverðar fækkunar
námsmanna erlendis verð-
ur að spyrja hverju sætir
enda orðið með öllu ljóst
að fjölmargir námsmenn
efast um að geta séð fyrir
sér og sínum á framfærslu
frá LÍN.**

geti sótt sér slíka þekkingu. Erfitt er að sjá hvernig þetta samrýmist hlutverki LÍN sbr. 1. gr. laga um lánasjóðinn um að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Það er fátt um svör frá stjórnvöldum þrátt fyrir ítrekaðar umleitanir stjórnar SÍNE til þess að fá svör frá mennta- og menningarmálaráðherra og meirihluta stjórnar LÍN við eðlilegri kröfu um rökstuðning. Það var í raun ekki fyrr en SÍNE leitaði til umboðsmanns Alþingis að stutt svar barst loks frá skrifstofu mennta- og menningamálaráðherra. Nemandur erlendis voru þó engu nær enda hafa enn engar viðhlítandi skýringar borist á afstöðu ráðherra í málefnum námsmanna erlendis. Þannig er mál SÍNE enn til skoðunar hjá Umboðsmanni Alþingis.

Þar sem þessi stefna stjórnvalda í menntamálum hefur leitt til umtalsverðar fækkunar námsmanna erlendis verður að spyrja hverju sætir enda orðið með öllu ljóst að fjölmargir námsmenn efast um að geta séð fyrir sér og sínum á framfærslu frá LÍN. Við viljum svör. ☺

Við viljum svör.

Frá formanni SÍNE, Jóhann Gunnar Þórarinnsson skrifar

SÍNE mótmælir nýjum úthlutunarreglum hjá LÍN



Skömmtunar- skrifstofa námsmanna- gjaldeyris

Viðtal við Garðar Ingvarsson, einn af stofnendum SÍNE
(áður Samband íslenskra stúdenta erlendis)

Reynslusaga námsmanns í Þýskalandi fyrir stofnun Lánasjóðs íslenskra náms- manna.

Það er svo mikilvægt að líta tilbaka og skoða hvaðan við komum og hvernig aðstæður námsmanna voru hér á áður árum. Við mæltum okkur mót við Garðar Ingvarsson yfir góðum kaffibolla á kaffihúsi og heyrðum hans sögu. Og hann sagði okkur frá sinni reynslu sem námsmaður í Þýskalandi fyrir rúmri hálfri öld og hvernig íslenskir námsmenn erlendis tóku höndum saman þvert yfir lönd og höf fyrir tíma internetsins og snjallsíma og stofnuðu hagsmunafélag til að standa að baráttumálum sínum.

„Ég er ekki viss um að þið unga fólkið gerið ykkur grein fyrir hvernig ástandið í þjóðfélaginu var á þeim tíma þegar Samband íslenskra námsmanna erlendis var stofnað. Þetta var algjört skömmunarkerfi, svokallaður námsmannagjaldeyrir, það var skammtað þannig að þú fékkst ákveðna upphæð á mánuði yfirfærða og það hafði

ekkert með lán eða neitt slíkt að gera. Lánasjóðurinn var ekki til á þessum tíma, en það voru höft í landinu og skömmun á gjald eyri.”

Garðar ákvað að stunda nám sitt í Þjóðhagfræði í Þýskaland árið 1959. Það sem hafði m.a. Áhrif á hans val var að Þýskaland var ódýrt og háskólarnir voru mjög góðir. Íslendingum gekk vel að komast inn í háskóla landsins og mikil velvild var í garð Íslendinga og fann Garðar fyrir því. Ótrúlega margir Þjóðverjar hefðu komið að máli við hann og sagt að Íslendingar hefðu bjargað lífi þeirra. Þar sem ein fyrsta hjálpin sem Þjóðverjum barst eftir seinni heimsstyrjöldina voru togarar fullir af íslensku lýsi.

Hann segir að krónan hafi verið bullandi veik (bátagjaldeyriskerfið) og þýska markið kostað á þessum árum kr. 12 fyrir almennan innflutning en námsmenn hafi borgað kr. 4.20 en í staðin hafi námsmenn verið vaktadír strangt. Ef þeir komu heim fyrr en gert hafði verið ráð fyrir, þá var dregið af þeim við næstu úthlutun. Það var skrifstofa á Skólavörðustígnum sem hét Innflutningsskrifstofan, beint á móti Hegningarhúsinu, sem skammtaði gjaldeyrinn. Það var gjaldeyrisfærsla, 3 mánuðir í senn.

Ég er ekki viss um að þið unga fólkið gerið ykkur grein fyrir hvernig ástandið í þjóðfélaginu var á þeim tíma þegar Samband íslenskra námsmanna erlendis var stofnað. Þetta var algjört skömmtunarkerfi, svokallaður námsmannagjaldeyrir, það var skammtað þannig að þú fékkst ákveðna upphæð á mánuði yfirfærða og það hafði ekkert með lán eða neitt slíkt að gera. Lánasjóðurinn var ekki til á þessum tíma, en það voru höft í landinu og skömmtun á gjaldeyri.

SÆMUNDUR

Garðar segir að hann hafi reiknað þetta út, hann kæmi heim í öllum fríum og myndi svo vinna á sumrin, fara á sjóinn. Forsendan fyrir að njóta yfirfærslunnar var sú að ekki væri hægt að stunda námið á Íslandi, það var hin opinbera stefna. En henni hafði svo sem ekki verið fylgt strangt eftir.

En svo fellur stjórnin og bátagjaldeyriskerfið er afnumið. Árið 1960 var örlagaríkt, allt þrefaldast í verði. Einu styrkirnir sem voru í boði á þessum árum voru þriggja mánaða yfirfærsla í tvö ár og mögulega gastu fengið lán í tvö ár en það voru þá einnig aðeins þriggja mánaða yfirfærsla hvort árið að sömu upphæð, restina þurftir þú að sjá um sjálfur. Þetta var því hrikalega mikið áfall fyrir námsmennina og sumir hreinlega flosnuðu upp og hættu námi. Aðrir voru þrjúskir og settu undir sig hausinn og sögðu að þeir ætluðu ekki að láta hrekja sig frá námi.

Þetta var bakgrunnurinn

að stofnun SÍNE (SÍSE). Það ríkti mikil reiði, námsmenn erlendis höfðu stundum hist í jólafríinu heima á Íslandi. Það var erfitt þar sem námsmennirnir voru í mismunandi löndum, það voru mjög margir í Þýskalandi og Skandinavíu ásamt Bretlandi. Það voru mismunandi skólaár

hjá Garðari og félögum hans í Þýskalandi, sumarfríið var í ágúst, september og október. Ágúst mánuður var mánuðirinn sem flestir gátu hist. Þetta var fyrir tíma tölva og internets en það dugði nú ekki til að stöðva námsmennina. Þau höfðu fyrirmynd frá norskum stúdentum en þeir höfðu stofnað samtök sem hétu ANSA

(Association of Norwegian Students Abroad), þau voru geysilega öflug. T.d. í Þýskalandi voru tugir Norðmanna í hverjum háskóla í hverri borg og Íslendingarnir á staðnum höfðu mjög mikil samskipti við þá og urðu

En svo fellur stjórnin og bátagjaldeyriskerfið er afnumið. Árið 1960 var örlagaríkt, allt þrefaldast í verði. Einu styrkirnir sem voru í boði á þessum árum voru þriggja mánaða yfirfærsla í tvö ár

Skömmtunarskrifstofa námsmannagjaldeyriss

Samband íslenskra námsmanna erlendis

hluti af ANSA hópnunum á hverjum stað.

Þegar Samband íslenskra námsmanna erlendis var stofnað var Garðar ekki á landinu þegar stofnfundurinn átti sér stað. En hann tók þátt í undirbúningsvinnu sem var unnin áður en samtökin voru stofnuð. Það gekk hratt fyrir sig og voru ákveðnar reglur settar fram, í fyrsta lagi var hægt að skipa stjórnina þannig að það væri einn fulltrúi frá hverju landi. Svo voru allir sammála því að pólitík mætti ekki koma nálægt þessum samtökum. Þetta voru fyrir-greiðslu samtök sem áttu að berjast fyrir réttindum námsmanna.

Það var reynt að haga því þannig að formaðurinn væri einhver sem væri nýbúinn að ljúka námi, þannig að viðkomandi væri kominn heim og gæti sinnt málunum heima. Samtökin fengu aðstöðu inni á skrifstofu á Frakkarstígnum, rétt neðan við

Hverfisgötu. Fyrsti formaðurinn var Benedikt Bogason, arkitekt, sem var þá nýkominn heim frá Finnlandi.

Fyrsti styrkurinn sem samtökin fengu var kr. 30.000,

það var líklega sumarið 1962 og var styrkurinn ætlaður til að kynna nám erlendis. Öllu liðinu sem var á Íslandi var safnað saman og var haldin kynning í Íþöku (Menntaskólanum í Reykjavík). Þetta var fyrsta kynning á námi erlendis sem var sett upp fyrir þessa peninga. Þetta var mikilvægt fyrir okkur, því að þarna komumst við með tærnar inn fyrir dyrnar. Þetta var fyrsta viðurkenn-ingin sem við höfðum fengið. Kynningin var vel sótt og fólk var áhugasamt.

Næsti formaður var Hilmar Ólafsson og var hann einnig menntaður arkitekt og hafði stundað nám í Stuttgart, þriðja árið var ég varaformaður en þá var formaður sem hafði menntað

**Við stöndum
svo sannarlega
í þakkaraskuld
við náms-
mennina sem
fyrir meira
en 50 árum
tóku höndum
saman þvert
yfir lönd og höf
og stofnuðu
hagsmuna-
samtök fyrir
námsmenn
erlendis.**

SÆMUNDUR

sig í Svíþjóð, Kjartan Jóhannsson.

Aðspurður um starfsemina á fyrstu árunum, segir Garðar við vorum að herja á Menntamálaráðuneytið að okkar aðstaða myndi lagast. Það var ennþá gjaldeyrisskömmun og við vorum óánægð með eitt, jafnvel

þó að þú ættir peninga þá gastu ekki fengið það sem þú þurftir.

Þeir voru mjög naumir við að áætla mánaðarframfærslu en þó var tekið tillit til þess ef að þú varst giftur, þá fékkstu eina og hálfu yfirfærslu en ekki var gert ráð fyrir að stúdentar ættu börn. Það sem við vorum að berjast fyrir var að koma á lánskerfi, þetta var komið á hinum Norðurlöndunum og í Þýskalandi voru styrkir. Við vorum að reyna að bæta stöðu okkar á einhvern hátt.

Hægt og sígandi kom þetta. Þetta var erfitt í upphafi, við áttum ekkert fjármagn og fengum enga styrki.

Við stöndum svo sannarlega í þakkarskuld við námsmennina sem fyrir meira 50 árum tóku höndum saman þvert

yfir lönd og höf og stofnuðu hagsmunasamtök fyrir námsmenn erlendis. Mikið hefur áunnist og ótrúlega margir sjálfboðaliðar hafa komið að störfum félagsins í gegnum tíðina. Á meðal þess hefur breyst á þessum tíma er að Lánasjóður

íslenskra námsmanna var stofnaður árið 1961, þar er lánað til framfærslu og skólagjaldalána við erlenda háskóla. Nú þegar verið er að semja nýtt frumvarp um lög Lánasjóðsins er mikilvægt að við stöndum vörð um þau réttindi sem áunnist hafa í gegnum tíðina. ☺

**Nú þegar
verið er að
semja nýtt
frumvarp
um lög
Lánasjóðsins
er mikil-
vægt að við
stöndum
vörð um þau
réttindi sem
áunnist hafa
í gegnum
tíðina.**

Skömmunarskrifstofa námsmannagjaldeyrir



Vera Vilhjálm- dóttir segir frá meistaránámi sínu við Háskólann í Árósum

SÆMUNDUR

Mig hafði alltaf langað til að flytja aftur til Danmerkur, eftir að hafa alist þar upp til 7 ára aldurs á meðan foreldrar mínir voru hérna í námi. Þegar ég ákvað loksins að skella mér í háskólanám, var Danmörk efst á óskalistanum. Þannig ætlaðist það að ég byrjaði í BA-námi í mannfræði við Háskólann í Árósum haustið 2011. Námið er á dönsku og þótt ég hefði haldið dönskunni vel við, þá varð maður svolítið að henda sér í djúpulaugina til að hafa í við allt danska fræðimálið sem dundi yfir mann í tímunum. En það er ótrúlegt hvað slíkt venst fljótt.

Mér líkaði svo vel í Árósum, að ég ákvað að halda áfram námi hér og byrjaði í meistaranámi sem heitir Sustainable Heritage Management, eða sjálfbær menningararfsstjórnun, síðastliðið haust. Þetta er ný námsleið við Háskólann í Árósum, en þetta er aðeins annar veturinn sem boðið er upp á þessa námsleið, svo maður fær líka tækifæri til að vera með í að móta námið. Deildin mín er staðsett í útjaðri Árósa, í Moesgård sem er gamalt herra-garðssetur. Lengi vel þurftu mannfræði- og fornleifafræðideildirnar að deila húsakynnum með Moesgård-safninu, en núna er búið að byggja nýtt og glæsilegt safn og búið að endur-



hanna gömlu húsin til að útbúa betra skólaumhverfi. Þótt þetta þýði aðeins lengri ferð í skólann, þá er umhverfið svo fallegt í kringum skólann, með skógi og útsýni til hafsins, að það er vel þess virði (samt ekki alltaf þegar maður þarf að mæta í tíma klukkan átta að morgni). Námið fer fram á ensku og við erum mjög alþjóðlegur hópur, af níu þjóðernum og með ólíkan fræðilegan bakgrunn. Þessi fjölbreytni gerir það að verkum að umræður í tímum geta orðið mjög skemmtilegar og við lærum mikið hvert af öðru.

Námið er þannig upp byggt að fyrsta önnin er að mestu fræðileg og önnur önnin, sem ég er á núna, er verklegri. Við

Vera Vilhjálmsdóttir segir frá meistaranámi sínu við Háskólann í Árósum

Samband íslenskra námsmanna erlendis

Vera Vilhjálmisdóttir segir frá meistaranámi sínu við Háskólann í Árósum



tökum meðal annars þátt í rannsóknarverkefni fyrir sveitarfélagið Ringkjøbing-Skern um það hvernig hægt sé að nýta menningararf svæðisins, og þá sérstaklega náttúruarfleifð, til að bæta upplifun bæði heimamanna og ferðamanna af svæðinu. Seinna árið skiptist í verknám á þriðju önn og síðan skrifar maður meistararitgerðina sína á þeirri fjórðu. Það vill svo heppilega og skemmtilega til að Árósar verður ein af menningarborgum Evrópu árið 2017. Ég vonast því til að komast í verknám við eitthvert þeirra verkefna sem tengjast því. Það væri mjög fróðlegt að fá að fylgjast með og taka þátt í að undirbúa svo stórt verkefni

og sjá hvernig hægt er að tengja saman þjóðlega og alþjóðlega menningu. Svo ég krossa bara putta og vona að ég komist að! Það er því margt skemmtilegt framundan hjá mér hérna í Árósum. Ég veit ekki hvað mun taka við eftir námið, hvort ég muni ílengjast hérna úti eða halda heim. Það fer auðvitað eftir því hvar vinnu er að fá. En hvað sem gerist, þá sé ég ekki eftir því að hafa skellt mér út í nám. Það getur verið erfitt á köflum og maður fær auðvitað heimþrá til fjölskyldu og vina á Íslandi, en það gefur manni líka svo mikið og víkkar sjóndeildarhringinn. ☺



HALLIR UM BORD!

Það er að mörgu að hyggja þegar flytja á búslóð á milli landa. Eimskip leggur áherslu á góða alhliða þjónustu við flutninga á stórum sem smáum búslóðum. Starfsmenn okkar hafa mikla reynslu af því að aðstoða námsmenn sem eru ýmist á leið út í nám eða heim úr námi.

Kynntu þér málið á eimskip.is eða hafðu samband við búslóðadeild Eimskips í síma 525-7000 eða með tölvupósti á buslodir@eimskip.is

EIMSKIP

Korngördum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

Verum heima að heiman með réttu hlutina í kringum okkur



Verum heima að heiman með réttu hlutina í kringum okkur

SÆMUNDUR

Menntun þjóðarinnar og nýsköpun hefur ávallt verið Eimskip hugleikin allt frá stofnun félagsins 1914. Eimskip hefur í gegnum tíðina stutt við námsmenn með ýmsum hætti og ber þar helst að nefna Háskólasjóð Eimskips. Félagið hefur einnig stutt við námsmenn sem sækja menntun sína erlendis með því að veita þeim afslætti af flutningsgjöldum á búslóðum sínum til og frá landinu í gegnum félagsaðild að SÍNE.

Hópur námsmanna sem sækir nám sitt erlendis fer sífellt stækkandi. Eimskip vill styðja við þessa einstaklinga og fjölskyldur þeirra til að takast á við þessar nýju aðstæður. Það er mjög misjafnt hvort fólk vilji taka með sér búslóðina eða ekki en oft þarf einungis einn eða tvo mikilvæga hluti svo manni líði enn betur í nýjum og krefjandi aðstæðum. Til að gera sér grein fyrir hvað sé æskilegast að gera þegar kemur að því að ákveða hvort og þá hvað eigi að taka með sér, þarf fólk að meta hversu lengi það ætlar að búa erlendis, hversu langt það þarf að flytja búslóðina og eðlilega spilar kostnaðurinn inn í þetta allt. Eimskips leggur metnað sinn í að tryggja námsmönnum hagstæð kjör á búslóðaflutningum þeirra.

Þeir sem flytja búslóðir sínar fá góða þjónustu og aðstoð hjá Eimskip. Félagið gerir sér grein fyrir að búslóðir innihalda afar dýrmæta og persónulega hluti fólks og aldrei er of varlega farið. Þeir sem flytja búslóðir sínar þurfa að huga að mörgu og mikilvægt er að kynna sér alla þætti búslóðaflutninga mjög vel áður en byrjað er að pakka. Góður undirbúningur skilar sér margfalt. Starfsfólk Eimskips sem sinnir búslóðaflutningum er einstaklega þjónustulundað og svarar hratt og greiðlega öllum fyrirspurnum sem snúa að flutningunum og veitir góð ráð. Sama hversu mikið eða lítið umfang búslóðarinnar er þá annast Eimskip flutningana alla leið.

Þegar undirbúningur flutninga hefst og hafist er handa við að pakka er mjög góð regla að gera ítarlegan lista yfir allt það sem flytja á. Séu verðmætir munir á borð við listaverk og skartgripni meðferðis er gott að merkja þá sérstaklega vel. Því vandaðri sem skráning búslóðarinnar er, því betra. Þessi vinna nýtist þegar kemur til þess að tryggja búslóðina í flutningnum. Eimskip getur haft milligöngu um tryggingar eða eigandi gerir það sjálfur í gegnum sitt tryggingafélag.

Verum heima að heiman með réttu hlutina í kringum okkur

Verum heima að heiman með réttu hlutina í kringum okkur

**Hópur
námsmanna
sem sækir nám
sitt erlendis
fer sífellt
stækkandi.
Eimskip vill
styðja við þessa
einstaklinga
og fjölskyldur
þeirra til að
takast á við
þessar nýju
aðstæður.**

SÆMUNDUR

Að lokum skiptir höfuðmáli að raða vel í kassa og pakka stærri munum eins vel og hægt er til að verja þá hnjaski. Skip Eimskipafélagsins sigla yfir Norður-Atlantshafið og þar má eiga von á alls konar veðrum, sérstaklega yfir vetrartímann. Því þarf að búa þannig um húsmuni og kassa að ekkert geti farið á hreyfingu og laskast. Ef námsmenn eru að flytja heilan gám af búslóð þarf að huga vel að því að skorða alla hluti vel og vandlega.

Með góðri leiðsögn og réttum undirbúningi þurfa búslóðaflutningar alls ekki að vera svo erfiðir og leggjast allir á eitt hjá félaginu við að létta undir með námsmönnum. Eimskip lítur á námsmenn sem framtíðarviðskiptavini og því er mikilvægt að reynsla þeirra af búslóðaflutningum sé góð og traustvekjandi.

Allar nánari upplýsingar má finna á eimskip.is

Verum heima að heiman með réttu hlutina í kringum okkur



Ferðasaga frá Rússlandi

Hildur Helga Sigurðardóttir

SÆMUNDUR

„Hvernig datt þér í hug að læra rússnesku?“ er sennilega sú spurning sem ég hef fengið oftast á síðustu árum. Af einhverjum ástæðum þykir fólki furðulegt að langa að kunna rússnesku, þrátt fyrir að rússneska sé það móðurmál sem flestir tala í Evrópu, en um það bil 144 milljónir manna hafa rússnesku að móðurmáli. Í heildina eru yfir 200 milljónir manna sem tala rússnesku, það hlýtur að koma sér vel að kunna slíkt tungumál?

Það voru þó ekki einhver hagkvæmnissjónarmið sem leiddu mig upp í Háskóla Íslands að læra rússnesku. Af einhverjum ástæðum hef ég alltaf haft áhuga á Rússlandi, rússneskri menningu og rússneskri sögu. Fyrir fáeinum árum eignaðist ég síðan nágranna sem töluðu rússnesku og eftir að hafa hlustað á samræður þeirra í nokkur skipti vissi ég að þetta tungumál hreinlega yrði ég að læra. Það var því algjör draumur þegar ég frétti, eftir tveggja ára nám í rússnesku, að nemendum á Íslandi stæði til boða styrkur til að sækja skóla í Rússlandi.

Ég ákvað að sækja um í sumarskóla og sótti um bæði skólastyrkinn og skólavistina á góðum tíma. Svo beið ég. Og ég beið. Það var reyndar búið að

vara mig við, skilvirkni og gegnsæi er ekki eitthvað sem maður tengir við rússneska skriffinnskukerfið.

Fáeinum vikum fyrir brottför hafði ég enn ekki fengið svar frá neinum, hvorki varðandi styrkinn né skólavistina. Ég sendi því tölvupóst til þess að athuga stöðuna. Dagar og vikur liðu án þess að ég fengi svar. Aftur sendi ég tölvupóst og spurðist um leið fyrir hjá kennaranum mínum, hvort henni þætti þetta eðlilegt. Hún hló, „þú færð ábyggilega ekki svar fyrr en þú ert komin út!“. Hughreystandi. Þetta endaði með því að ég sendi þriðja tölvupóstinn þremur dögum fyrir brottför og fékk loksins svar frá skólanum: „Já, já. Komdu bara.“ Ég pakkaði því niður og fór.

Laugardagur 27. júní 2015 Dagur 1

- 01:00 Smá stress, samt minna en ég bjóst við.
- 08:00 Elska flugvöllinn í Helsinki! Góð millilending.
- 15:00 Fínt flug til Moskvu, stutt og laggott, að vísu smá seinkun á töskunum okkar vegna bilunar.
- 19:00 Komin á heimavistina og herbergið er ... hvernig á

Samband íslenskra námsmanna erlendis



ég að orða þetta... Ekki frábært? Eða er ég svona mikil forréttindamanneskja? Kannski lítur þetta betur út á morgun, eftir smá svefn.

Sunnudagur 28. júní 2015 Dagur 2

- 11:00 Já nei, herbergjið lítur ekki betur út í dagsljósinu. Talvert verr ef eitthvað er.
- 13:00 Í búðinni kostar klósettpappír 1.000 rúblur á

meðan 1 lítri af vodka kostar 100 rúblur! Ég fæ semsagt 10 vodkaflöskur fyrir hvern pakka af klósettpappír. Ótrúlegt.

- 20:15 Lyfturnar eru ekkert grín hérna, eða eru þær kannski bara grín? Bara tvær lyftur fyrir allt húsið (15 hæðir, 20 herbergi á hverri hæð og 5 manns í hverju herbergi) og önnur lyftan er búin að vera biluð síðan í gær.
- 22:02 Bara eitt pínupínu-pínulítið baðherbergi fyrir 5 stelpur í heilan mánuð, hvernig á það að ganga upp?

Þriðjudagur 30. júní Dagur 4

- 15:10 Fyrsti alvöru skóladagurinn okkar er búinn. Verð orðin ansi sleip eftir 4 vikur held ég.
- 20:05 Við ætluðum að fara í ping-pong eftir kvöldmat (það eru borðtennisborð á neðstu hæðinni) en gátum ekki með nokkru móti gert okkur skiljanleg við konurnar í afgreiðslunni – hvernig segir maður borðtenniskúla á rússnesku?! Við ætlum að reyna aftur seinna...

SÆMUNDUR



21:00 Fundum tvær lyftur í viðbót! Önnur þeirra tekur reyndar upp á því að flakka með mann upp og niður, frá 1. hæð og upp á þá 15., just for the hell of it. Er farin að taka stigana, það er miklu fljótlegra, þó að við séum uppi á 12. hæð.

Laugardagur 4. júlí Dagur 8

- 11:30 Rússland, þar sem ein ískúla kostar 300 rúblur en bækur kosta 100 rúblur!
- 17:00 Fórum á Rauða Torgið og inn í Kremlin. Vaaaaáááá. Geggjað. Meiriháttar.
- 21:07 Var að drepa þriðja kakkalakkann inn á herberginu okkar. Lovely.
- 00:30 Fórum fjögur saman á smá pöbbarölt. Fyrsti barinn sem við fórum á þykir frekar finn og við þurftum að fara í gegnum málmleitarhlið áður en við fórum inn. Skilst að það sé bara normið hérna. Á hinum barnum var eingöngu hægt að kaupa 1 lítra af bjór – ekkert minna. Það var litið skringilega á okkur þegar við báðum um 1 lítra og fjögur glös...

Laugardagur 11. júlí Dagur 15

- 13:00 Ókei ég elska Rússa og garðana þeirra. Lystigarðana það er að segja. Fórum í garð sem myndi sennilega kallast Keisarynjugarðurinn á íslensku? (Tsaritsino) og ég hefði

Ferðasaga frá Rússlandi

Samband íslenskra námsmanna erlendis

Ferðasaga frá Rússlandi



18:30

getað eytt öllum deginum þarna. Það má segja ýmislegt um Rússa en þeir kunna svo sannarlega að búa til fallega garða. Það voru málmleitarhlið við alla rúllustiga. Veit ekki hvort það lét mér líða betur eða verr...

Þriðjudagur 14. júlí
Dagur 18

08:00

Já sæll, það var lokað fyrir ALLT vatn í dag. Við vissum að það yrði ekkert

09:00

heitt vatn næstu tíu daga en vissum ekki að það yrði líka lokað fyrir það kalda!

Note to self: Það er ekki hægt að sturta niður þegar það er ekkert vatn...

21:30

Fórum í frábæran garð í dag. Það er samt eiginlega ekki hægt að kalla þetta garð, þurfum að finna annað íslenskt orð fyrir þetta fyrirbæri. „Garðurinn“, VDNH (já hann heitir það), er stærri en Mónakó að flatarmáli og í honum er til dæmis

SÆMUNDUR

gullsleginn gosbrunnur,
risaeðlusafn, alvöru
geimflug, skriðdreka-
safn, stöðuvatn, tívolí,
ásamt mörgum ótrúlega
fallegum byggingum.
Uppáhalds staðurinn
minn til þessa.

22:12 Jess, kalda vatnið er
komið aftur! Köld sturta
here I come!

the Savior, eitthvað
svoleiðis).

21:30 Moskva kveður með stæl,
búið að vera brjálað
þrumuveður í allt kvöld,
himininn er fjólublár og
andrúmsloftið er bók-
staflega rafmagnað.
Heimferð í fyrramálið!

Mánudagur 27. júlí Dagur 31

07:00 Dagur 31 í Rússlandi! Eða
í Moskvu öllu heldur.
Rússarnir segja að hvorki
Moskva né Pétursborg
séu í raun rússneskar,
Pétursborg er evrópsk og
Moskva er bara Moskva!

10:00 Tókst á undraverðan hátt
að vera með minni far-
angur núna en ég var
með þegar ég kom. Hag-
kvæmni.is

19:00 Notuðum síðasta daginn
vel. Kíktum á Moskvu-
háskóla í dag, MGU.
Byggingin er virkilega
falleg, eins og flest annað
hérna. Held að mottó
Rússa sé „go big or go
home“. Kíktum einnig
á Arbat-stræti og eina
frægustu kirkjuna í Mos-
kvu (Cathedral of Christ



**Viðtal við
Jessicu Guse
sendikennara frá
Þýskalandi við
Háskóla Íslands**

Tell me about your job as DAAD sendikennari?

The German Academic Exchange Service (DAAD) sends out lecturers in many countries around the world. The idea behind it is to give students the opportunity to receive first hand information about studying in Germany.

I also assist students with their stay in Germany, like finding the right university, requirement for their specific subjects and introduce them to the German culture. DAAD wants foreign students to feel at home as quickly as possible so they can concentrate on what is most important to them: their academic achievements.

Could you give us some more information about the DAAD grants?

DAAD offers around 130 different kinds of study grants. For example students might be interested in going to Germany for a summer school program. Or perhaps they want to refresh their German language skills. However, our most popular grant is for the Master programs in Germany.

This grant gives students a funding opportunity for the whole two years of the Master program. It covers most of the

costs they have when studying in Germany, including air fare, a living allowance, etc.

Furthermore, DAAD also offers grants for PhD students for their research projects that can take up to 10 months.

How has your experience been in Iceland?

Unfortunately, not so many Icelandic students have seized the opportunity yet and applied for these grants. Which is a shame, because when you ask students why they do not apply, they usually explain that their German is not good enough! This is a common misunderstanding as many German universities already offer a lot of programs in English.

Anything that has been surprising?

As I said before: I am surprised that so few students apply for these study grants as German universities are among the highest ranking in international academic rankings. And if you compare studying in Germany with other countries it is also rather inexpensive as for example study fees are low.

Could you recommend some interesting websites, that

**Unfortunately,
not so many
Icelandic students
have seized the
opportunity yet
and applied for
these grants.**

SÆMUNDUR

could be useful for Icelandic students going to study in Germany?

The webpage: Study in Germany is really good. It has answers to almost all questions a prospective student might have and many interesting tips: study-in.de/en

And of course the webpage of DAAD itself is very helpful with advice and the scholarship database: daad.de/en

Last but not least Deutsche Welle's webpage provides some good insight into German culture and the German language: dw.com

Of course there are plenty more pages but I think these ones are the most important ones and a good start on the internet journey to Germany.

Something you would like to add?

There is one thing that is very important for me to tell students who would like to go to and study in Germany. There are plenty of stereotypes regarding Germans. A lot of them are just funny, some of them are half true and at least one is definitely true—especially regarding grants: We Germans love to plan—in advance! If you are thinking about going to Germany and applying for a grant, please take

note to do that almost a year in advance. The deadline for most grants DAAD offers is the 1st of December of each year for the following year. This applies to studies for both the winter term, and the summer schools/language courses. The deadline for the grant regarding the Master programs for art students and architects is already the 31st of October of each year for the following year. If you keep that in mind then your chances are good to go to Germany with some money in your pocket!

One last point: when students have filled in and printed out the application summary that will be generated on daad.de/en they should send it to:

Rannís,
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Dóra Stefánsdóttir

☎ 515 5834.

✉ dora.stefansdottir@rannis.is

For further information you can contact me directly:

✉ jessica@hi.is 📧

Ertu góður penni?

Upplýsingar

Við erum byrjuð að safna skemmtilegu efni fyrir næsta Sæmund

Sendu okku línu á netfangið: sine@sine.is og segðu okkur frá þínu námi, upplifunum og ferðalögum við hlökkum til að heyra frá þér

SÆMUNDUR

Umsóknarfrestur LÍN

Skólaárið 2016 2017

Haust 2016:
30. nóvember 2016

Vor 2017:
30. apríl 2017

Sumar 2017:
30. júní 2017

Upplýsingar

Nánari upplýsingar: lin.is
Ath. dagsetningar umsóknarfrests eru „til og með.“

**Viltu
starfa
í stjórn
SÍNE
næsta
vetur?**

**Ef þú hefur áhuga, endilega sendu okkur
línu á netfangið sine@sine.is**

Aðalfundur verður haldinn í ágúst 2016
(nánari dagsetning auglýst síðar á heimasíðunni og á facebook)

SÆMUNDUR

Styrktaraðilar



Styrktaraðilar

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR

SÆMUNDUR